

Brunavarnir A-Hún. Stjórnarfundur 17. mars 2004

Miðvikudaginn, 17. mars 2004 kom stjórn Brunavarna A-Hún til fundar í Félagsheimilinu á Blönduósi kl. 13:00.

Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Brunavarnaáætlun fyrir starfssvæði Brunavarna A-Hún.
2. Önnur mál.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

Afgreiðslur:

1. Mættir eru Pétur Valdimarsson frá Brunamálastofnun og Guðbjartur Ólafsson sem ritstýrir brunavarnaáætlun fyrir starfssvæðið, til viðræðna við stjórn Brunavarna og slökkviliðsstjóra. Fyrir liggja drög að brunavarnaáætlun sem unnin er að Guðbjarti og Braga Árnasyni.

Pétur fór yfir helstu markmið áætlunarinnar sem leggja á grunnin að gæðastjórn og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi.

Fundarmenn fóru ítarlega yfir drög að brunavarnaráætlun og gerðu breytingar þar sem við átti. Miklar og gagnlegar umræður áttu sér stað.

Samþykkt að senda stjórnarmönnum nýja og leiðréttá framkvæmdaáætlun hið fyrsta. Í kjölfarið verði aðildarsveitarfélögum send ný drög að brunavarnaáætlun til yfirlstrar.

2. Önnur mál voru engin.

Guðmundur Ingbórsson (sign.)
Andrés Leifsson (sign.)
Erlendur G. Eysteinnsson (sign.)
Bragi Árnason (sign.)

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundu slitið kl. 17:15.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)
Pétur Valdimarsson (sign.)
Guðbjartur Ólafsson (sign.)